

## VIÐAUKI

### við reglugerð nr. 3, 3. janúar 1983, um þorskfisknet.

#### 1. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 2. gr., sbr. reglugerð nr. 268, 12. maí 1989, er heimilt að nota þorskfisknet með 6 þumlunga riðli (152 mm) í sunnanverðum Faxaflóa til og með 31. janúar, á svæði innan línu, sem dregin er úr Garðskagavita í Akranesflös.

#### 2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 81, 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

*Sjávarútvegsráðuneytið, 8. janúar 1992.*

F. h. r.

**Árni Kolbeinsson.**

*Jón B. Jónasson.*

## AUGLÝSING

### um frest til fullnaðartollafgreiðslu vara vegna breytinga á aðflutningsgjöldum.

Hinn 1. janúar 1992 tóku gildi eftirtaldar breytingar á gjaldtöku innfluttra vara: Auglýsing nr. 76/1991, um breyting á viðauka I við tollalög nr. 55 31. mars 1987, með síðari breytingum,

Reglugerð nr. 600/1991, um breyting á reglugerð nr. 407 24. ágúst 1989, um vörugjald, Reglugerð nr. 601/1991, um breyting á reglugerð nr. 344 10. júlí 1989, um jöfnunargjald, Reglugerð nr. 602/1991, um jöfnunargjald á innflutt súkkulaði, og Reglugerð nr. 629/1991, um breyting á reglugerð nr. 613 31. desember 1987, um sérstakt gjald af bifreiðum og bifhjólum.

Ráðuneytið hefur ákveðið samkvæmt 114. gr. tollalaga nr. 55/1987, með áorðnum breytingum, að veita frest til 17. janúar 1992 til fullnaðartollafgreiðslu vara sem gjaldabreytingar samkvæmt ofangreindum stjórnvaldsfyrirmælum taka til og teknar höfðu verið til tollmeðferðar í skilningi 2. mgr. 1. gr. tollalaga nr. 55/1987 fyrir 1. janúar 1992.

*Fjármálaráðuneytið, 6. janúar 1992.*

F. h. r.

**Indriði H. Þorláksson.**

*Guðrún Ásta Sigurðardóttir.*